

Virkt starf Siðmenntar

Fundir, málþing og fræðslustarfsemi

Félagið fær nær árlega erlendan fyrirlesara til landsins til að fjalla um mikilvæg siðferðismál. Stundum er efnt til málþinga í samvinnu við aðila eins og Mannréttinda-skrifstofu Íslands, en félagið er aðili að henni. Samfélag trúlausra, SAMT er óformlegt félag í nánum tengslum við Siðmennt, þar sem virkir félagar hittast mánaðarlega og skiptast á skoðunum gegnum póstlista á netinu.

Fréttabréf og tilkynningar

Þau eru send út ársfjórðungslega til félaga gegnum netpóst. Aðalfundur er haldinn á fyrsta ársfjórðungi hvers árs og er tilkynntur bréflaga til allra félaga. Fréttir og áhugaverðar greinar eru birtar reglulega á vefsíðu Siðmenntar.

Húmanistaviðurkenning Siðmenntar

Árlega að hausti veitir Siðmennt einstaklingi eða félagi viðurkenningu vegna framúrskarandi starfa í þágu mannréttinda á Íslandi. Viðurkenningin var fyrst veitt árið 2005.

Opinberar stefnuýfirlýsingar

Stjórn félagsins sendir frá sér yfirlýsingar til fjölmiðla eftir því sem ástæður gefa tilefni til. Í þeim kemur jafnan fram stefna félagsins í málefnum er varða mannréttindi, lög og siðferði.

Netfang: sidmennt@sidmennt.is

Siðmennt - í hnotskurn



Siðmennt, félag siðrænna húmanista á Íslandi var stofnað árið 1990 í kringum borgaralega fermingu.

Félagið þróaðist síðan fljótt í að vera fullgilt húmanískt félag með aðild að alþjóðasamtökum húmanista (IHEU).

Félagið er **lífsskoðunarfélag** og hefur að viðfangsefni þau viðhorf og lífsgildi sem eru persónulega mikilvæg og náin hverjum einstaklingi í leit að tilgangi og hamingju í lífinu.

Hugtakið lífsskoðunarfélag (*life stance organization*) nær á alþjóðavísu yfir félög af bæði trúarlegri og veraldlegri **sannfæringu** og gerir ekki upp á milli þeirra.

Siðferðismál, þekkingarfræði og fjölskyldan eru kjarni þeirra viðfangsefna sem Siðmennt sinnir.

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru **siðferðilegir hornsteinar** manngildishyggjunnar / húmanismans.

Siðmennt styður við vísindalegar aðferðir til að **leita þekkingar** um veröldina og lífheiminn.

Siðmennt býður uppá þjónustu **athafnarstjóra** félagsins við nafngjafir, giftingar og útfarir, auk vandaðs námskeiðs fyrir ungmenni til undirbúnings fyrir borgaralega fermingu.

Aðild að Siðmennt er öllum opin sem telja sig eiga samleið með þeim lífsskoðunum og þeirri sannfæringu sem birt er í stefnu félagsins. Skilyrði eru að félagar þurfa að vera orðnir 16 ára og greiða árgjald. Félagar fá send fréttabréf með netpósti, boð á aðalfund hvers árs og afslátt af ýmissi þjónustu félagsins.

Upplýsingar og rafræn skráning er á www.sidmennt.is



SIÐMENNT


Félag siðrænna húmanista á Íslandi

Hvað er Siðmennt?



Manngildið í fyrirrúmi

- Siðferði, þekking og fjölskyldan



Aðrir bæklingar Siðmenntar:

- Gifting og nafngjöf
- Veraldlegar útfarir
- Borgaraleg ferming

Húmanisminn er sögulega mikilvægur

- sigur skynsemi yfir ótta, fáfræði og ranglæti



Uppruna húmanismans má finna í hinni **frjálsu manneskju** og hæfileikum hennar til að hugsa og leita siðferðilegra lausna sem þjóna henni sjálfri og um leið heildinni. Þessir eiginleikar hafa skipt miklu máli fyrir afkomu mannkyns.

Húmanísk hugmyndafræði átti sér til forna **þrjú uppgangstímabil**; hið fyrsta átti sér rætur í klassískri heimspeki Forn-Grikkja, annað í endurreisnartímanum og hið þriðja í upplýsingunni. Nú lifum við á fjórða uppgangstímabilinu sem hófst við endalok seinni heimsstyrjaldarinnar, stofnun Sameinuðu þjóðanna og samþykkt alþjóðlegs mannréttindasáttmála árið 1948. Alþjóðasamtök húmanista voru stofnuð árið 1952 og byggðu þau stefnu sína á sk. Amsterdam-yfirlýsingu sem var endurbætt árið 2002.

Húmanismi er **vaxandi lífssýn** sem í sífellu er endurskoðuð og þróuð til að hafa það besta að leiðarljósi sem skynsemi mannsins getur boðið okkur hverju sinni.

Húmanisminn er alþjóðlegur og styður algild siðferðisgildi til handa öllum manneskjum

Húmanisminn - frelsi og þekking

Mannvirðing, frelsi og samábyrgð eru **siðferðilegir hornsteinar** manngildishyggjunnar.

Sidmennt styður opið, víðsýnt og fjölþætt samfélag og telur að **lýðræði** sé besti kosturinn til að vernda mannréttindi meðal þjóða.

Sidmennt lítur svo á að **sannfæringarfrelsi** og tjáningarfrelsi teljist til almennra lýðrættinda. Þau skulu ná til allra og má hvorki afnema þau né skerða undir neinum kringumstæðum.

Sidmennt telur að uppgötvanir í vísindum og nýjungar í tækni geti stuðlað að betra lífi. **Þróun siðferðis** þarf að fylgja **þróun vísinda** sem nýta skal til uppbyggingar en ekki niðurrifs og eyðileggingar. Húmanisminn tekur mið af því að áreiðanleg þekking um okkur sjálf og heiminn verði til við stöðugt ferli athugunar, rannsóknar og endurskoðunar.

Eitt merkasta framfaraspor upplýsingarinnar var aðskilnaður trúar og veraldlegs valds. Hið sama gilti síðar um menntun og trú.

Vettvangur

Félagið telur að hið opinbera, þ.e. ríkið, stjórnkerfið, þingið, dómskerfið og mennta- og heilbrigðiskerfið eigi að starfa eftir veraldlegum leikreglum en ekki bera merkimiða eða taumhald einstakra trú- eða lífsskoðunarfélaga. Félagið aðhyllist því lagalegan, stjórnsýslulegan og fjárhagslegan **aðskilnað ríkis og kirkju** og sækist um leið ekki sjálft eftir forréttindum hjá hinu opinbera.

Sidmennt telur foreldra eiga rétt á því að ala upp börn sín eftir eigin lífsskoðunum og að **opinber skóli eigi ekki að innræta eða boða, heldur fræða**. Engu trú- eða lífsskoðunarfélagi á að vera heimilt að boða skoðanir sínar í opinberum skólum eða halda úti starfsemi þar, ekki frekar en stjórnmalaflokkum.

Sidmennt er á lista nefndasviðs Alþingis sem **umsagnaraðili** um lagafrumvörp er lúta að mannréttindum, menntamálum og ýmsum siðferðilegum álitamálum. Sidmennt hefur tekið virkan þátt í slíkri álitsgjöf í fjölda ára t.d. vegna lagafrumvarpa um réttindi samkynhneigðra, stofnfrumrannsóknir, grunnskólalög, lög um greftranir o.fl.